



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/2010
komudagur 25.5.2010

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 77 — 77. mál.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist með tölvupósti beiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 19. maí 2010, um umsögn varðandi ofangreint frumvarp en í því er lagt til að lög um orlof húsmæðra, nr. 53/1972 með síðari breytingum falli úr gildi.

Með bréfi, dags. 16. október 2009, fór velferðarráð þess á leit við félagsmálanefnd Alþingis að lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra yrðu endurskoðuð. Tilgreint var í bréfinu að lögin fælu í sér íþyngjandi skyldur á sveitarfélög sem ástæða væri til að endurskoða og var í því sambandi vísað til erindis Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 16. mars 2009. Umrædd bréf eru meðfylgjandi umsögn þessari.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er meðfylgjandi afnámi laga um orlof húsmæðra nr. 53/1992 með síðari breytingum enda er ekki unnt að líta svo á að lög um orlof húsmæðra séu í samræmi við þau sjónarmið sem í gildi eru í íslensku samfélagi í dag, auk þess sem umrædd löggjöf samræmist ekki sjónarmiðum um jafnan rétt kvenna og karla.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfr.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 16. október 2009
2009030015
0.20.7

Alþingi
Félagsmálanefnd
150 Reykjavík


Efni: Lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að koma á framfæri við félagsmálanefnd Alþingis eftirfarandi bókun velferðarráðs Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 14. október sl :

Velferðarráð fer þess hér með á leit við félagsmálanefnd Alþingis að lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra verði endurskoðuð. Löggin fela í sér íþyngjandi skyldur á sveitarfélög sem ástæða er til að endurskoða. Til frekari upplýsingar er vísað til erindis Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 16. mars 2009.

Í meðfylgjandi erindi Velferðarsviðs til ráðuneytisins kemur m.a fram að árið 2008 voru greiddar kr. 8.358.816 af hálfu Reykjavíkurborgar til orlofsnefndar húsmæðra. Fram kemur það álit Velferðarsviðs að lög um orlof húsmæðra séu ekki í samræmi við þau sjónarmið sem í gildi eru í íslensku samfélagi í dag auk þess sem áréttað er að umrædd löggjöf samræmist ekki sjónarmiðum um jafnan rétt kvenna og karla. Bent er á að Reykjavíkurborg hafi sett sérstaka stefnu um mannréttindamál sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006 en þar kemur m.a. fram að óheimilt sé að mismuna fólki á grundvelli kyns.

Virðingarfyllst,
f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri

Hjálagt:
Lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra
Erindi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 16. 03.2009

Borgartúni 10-12
105 Reykjavík
Sími: 411 1111
Bréfsími: 411 9049
www.velferdarsvid.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

SKJALAVER HÖFÐATORGI
16. MAR. 2009
Málsnr.: 2009030015
Bréfalykill: 0-20.7

Félagsmálaráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2009.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vill vekja athygli félags- og tryggingamálaráðuneytisins á lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um orlof húsmæðra sem síðar varð að lögum nr. 53/1972 kemur fram að í 24. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir "Hverjum manni ber réttur til hvíldar og tómtunda, og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof að óskertum launum". Síðan segir í athugasemdunum að þar sem húsmæður fá engin laun fyrir störf sín, m.a. við að ala upp næstu kynslóð, væri það verðug viðurkenning af hálfu þjóðfélagsins, að í fjárlögum væru ætlaðar a.m.k. kr. 100.- á ári fyrir hverja húsmóður í landinu, í því skyni að gefa nokkrum hluta þeirra kost á orlofi og hvíld frá störfum.

Í 5. gr. upphaflegu laganna frá árinu 1972 kom fram að kostnað vegna orlofs húsmæðra greiddu þessir aðilar:

1. Ríkissjóður greiddi árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 100.- fyrir hverja húsmóður í landinu. Félagsmálaráðuneytinu var heimilt að skipta ríkisframlaginu milli orlofssvæða í hlutfalli við fólksfjölda.

2. Sveitarfélög greiddu eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs.

3. Heimilt var að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef aðrar tekjur nægðu ekki. Fór það eftir ákvörðun hvernar einstakrar orlofsnefndar.


Með lögum nr. 61/1978 var gerð breyting á framangreindri 5. gr. laga nr. 53/1972. Orðalagi greinarinnar var breytt á þann hátt að nú kemur fram í 5. gr. að "Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern í búa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framsfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí." Í greinargerð með frumvarpi laga nr. 61/1978 kemur fram að þessi breyting muni hafa í för með sér talsverða hækkun á framlögum sveitarfélaganna. Síðar segir í greinargerðinni að ef frumvarpið verði að lögum þá muni breytingar þær, sem í því felast, verða til mikillar eflingar orlofsstarfsemi fyrir húsmæður í landinu, en hún er mikils metin af konum og hefur átt vaxandi vinsældum að fagna. Þá segir í greinargerðinni að lögum um orlof húsmæðra og sú starfsemi, sem innt er af höndum samkvæmt þeim, hafi veitt margri húsmóðurinni kost á hvíld og tilbreytingu, sem hún hefði ekki getað notið ella. En jafnan ber að leggja á það áherslu, að þessi aðstaða til orlofs standi fyrst og fremst til boða þeim konum, sem hafa hennar mesta þörf og við erfiðust kjör búa.

Með framangreindri breytingu á umræddri löggjöf var aukinn kostnaður lagður á sveitarfélögin í landinu. Á grundvelli þessarar löggjafar hefur Reykjavíkurborg greitt orlofsnefnd húsmæðra umtalsverðar fjárhæðir. Árið 2004 greiddi Reykjavíkurborg kr. 6.353.074.- til orlofsnefndar húsmæðra, árið 2005 voru greiddar kr. 6.464.436.-, árið 2006 voru greiddar kr. 7.083.372.-, árið 2007 voru greiddar kr. 7.770.765.- og árið 2008 voru greiddar kr. 8.358.816.-.

Það er mat Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að umrædd löggjöf sé barn síns tíma og sé ekki í samræmi við þau sjónarmið sem í gildi eru í íslensku samfélagi í dag. Húsmæðrum hefur fækkað mjög frá því að umrædd löggjöf tók gildi enda hefur þátttaka kvenna á vinnumarkaði aukist ört undanfarna áratugi. Líta verður svo á að sá tilgangur laganna að tryggja heimavinnandi húsmæðrum orlof á kostnað sveitarfélaganna geti ekki lengur talist eðlileg og æskileg skylda sveitarfélaga auk þess sem líta má svo á að með framangreindri löggjöf sé verið að gera íbúum sveitarfélagsins mismunandi hátt undir höfði. Að lokum verður að áréttu að umrædd löggjöf samræmist ekki þeim jafnræðissjónarmiðum sem við lýði eru í íslensku samfélagi um jafnan rétt kvenna og karla þar sem ljóst er að lög um orlof húsmæðra taka einungis til kvenna. Reykjavíkurborg hefur sett sérstaka stefnu um mannréttindamál sem samþykkt í borgarstjórn þann 16. maí 2006 en þar kemur m.a. fram að óheimilt sé að mismuna fólki á grundvelli kyns.

Í ljósi framanritaðs þykir rétt að koma á framfæri þessum sjónarmiðum Reykjavíkurborgar varðandi lög um orlof húsmæðra.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Kristín Ósp Jónsdóttir, lögfræðingur.